



since 1894 by

STOOPEN &amp; meeūs

# Tækniupplýsingar

## STUC VERNIS PU gloss

### Glært PU lakk – tveggja þátta glans

#### VÖRULÝSING

Stuc Vernis PU er glært, vatnsþynnt, tveggja þátta úreþanlakk til innanhússnota. Það inniheldur íblöndunarefni til varnar veggjakroti. Stuc Vernis PU bætir verulega efna- og rispuþol kalkspartlsins. Það verndar einnig gegn algengum blettum í heimilisrekstri. Hámarksþörn næst með því að bera Stuc Vernis PU á sléttu, pússaða kalkspartlfleti. Stuc Vernis PU lakkíð fæst í tveimur gjljástigum, glansandi og matt. Glansandi útgáfan er mun þéttari gagnvart raka og álagi og ber því ætíð að nota hana sem fyrsta og annað lag í votrýmum og á gólfum.

#### NOTKUN

Berið a.m.k. 1-2 umferðir af Stuc Vernis PU á sléttu, álagslitla fleti, t.d. á Crustal. Hins vegar þarf þarf allt að 3-4 umferðir á grófari fleti og þar sem álag er meira, t.d. á Stuc Deco gólf og votrými. Möttu útgáfuna má nota eina og sér í þurrarýmum á álagslitla fleti en einungis sem síðasta lag í votrýmum og á gólf.

Vélhærið herðinn saman við Stuc Vernis PU í hlutfallinu 1:3. Eftir blöndun skal láta lakkíð standa í 5-10 mínútur til að fá loftið úr blöndunni. Vinnslutími eftir blöndun er um 1,5 klst við 20°C. Blandið ferska hræru fyrir hverja umferð. Þornunartími milli umferða er 2-3 klst. Afar mikilvægt er að rúlla fyrstu, óþynntu umferðina þéttingsfast og draga vel út í margar stefnur. Í kjölfarið er rúllað laust yfir með tómri rúllu til að jafna áferðina enn frekar. Gætið að því að horn, kverkar og aðrir erfiðir staðir verði ekki útundan. Á stærri flötum og sé unnið með dökka liti, skal gæta að skörun.

Snertiburrt eftir 30 mín. Hámarksþurrktími milli umferða, án möttunar með sandpappír, er 5-24 klst. Tryggja skal að ekki sé farið yfir hámarksþurrktíma á milli umferða. Þegar skipt er yfir í matta útgáfu á eftir umferð af glansandi útgáfunni skal strjúka yfir flötinn létt með filtöttu. Eftir 2. umferð má þynna Stuc Vernis PU með allt að 5% vatni og þá má einnig auka þykkt umferðarinnar nokkuð. Stuc Vernis PU er fullharðnað eftir 7 daga. Hlífið fletinum þann tíma.

Í votrými er eindregið ráðlagt að nota 2 umferðir af glansandi Stuc Vernis Pu áður en matta útgáfan er sett yfir í 2 umferðum. Ef óskað er eftir glansandi lokaúltiti þarf a.m.k. að fara 3 umferðir af glansandi útgáfunni.

#### UNDIRLAG

Berið að jafnaði aðeins á þurrt kalkparti (þykkt að 1,5 mm eftir 24 klst – ef þykktir eru meiri þá lengist þurrktíminn). Umhverfishitastig sé >10°C og loftraki 80% að hámarki. Stuc Vernis PU breytir lit kalkspartls lítillega, háð litnum í hverju tilviki.

#### TÆKNIUPPLÝSINGAR

Efnisnotkun	1. umferð: +/- 0,6 L/10 m <sup>2</sup> 2+ umferðir: +/- 1 L/10 m <sup>2</sup> Heildarnotkun að jafnaði: +/- 1 L/5m <sup>2</sup> Bæta skal við umferð ef álag á flötinn er mikið eða yfirborð kalkspartls gróft.	Geymsluþol í lokuðum umbúðum Áhöld	12 mánuðir að lágmarki á frostfríum stað Textron rúllur fyrir tveggja þátta efni
-------------	--	--	---

#### ATHUGIÐ

Forðist innöndun gufu. Notið öndunarhlífar [ef loftræsting er ófullnægjandi]. Hámarksagn rokgjarnra lífrænna efna (VOC): 60 g/l.

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar [www.serefni.is](#).